

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/822
komudagur 18.12.2009

Ísafirði, 18.12.2009.

Umsögn Kvasis – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.
Þskj. 262 – 233. mál.

Stjórn Kvasis vill gera athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins.

1. gr. Gildissvið.

Lög þessi skulu einungis ná til framhaldsfræðslu, sem samkvæmt 3. gr. skal vera *hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.*

Lögunum er þannig einungis ætlað að ná til hluta þeirrar fullorðinsfræðslu sem innt er af hendi hjá símenntunarmiðstöðunum víða um land.

Í 6. grein virðist gert ráð fyrir að framhaldsfræðslan skuli veitt á grundvelli ákveðinna námskráa, sem sérstaklega skulu samdar fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.

Með þessum lögum myndi því verða umtalsverð aðgreining á starfsemi símenntunarmiðstöðvanna eftir því hvort um væri að ræða markhóp laga þessara eða aðra hópa samfélagsins. Að minnsta kosti á fámennari stöðum er það hins vegar aðalsmerki símenntunarmiðstöðvanna að þær leggja sig fram við að þjóna öllum fullorðnum íbúum svæðisins.

Ábending Kvasis:

Stjórn Kvasis bendir á að símenntunarmiðstöðvarnar út um landið starfa á breiðum grunni, þar sem tómsundanámskeið, nám til vissra starfsréttinda og annað tækifæri til náms eru kennd jöfnum höndum. Sumar miðstöðvarnar þjónusta einnig fólk í háskólanámi. Af svona blöndun er góð reynsla á símenntunarmiðstöðvunum þar sem fólk með mismundandi grunn kemur saman og styrkir hvert annað.

7. gr. Viðurkenning fræðsluaðila.

Þar segir í síðustu málsgrein:

Reikningar fræðsluaðila skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda og vera aðgengilegir ríkisendurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ábending Kvasis:

Þetta er full knappur tími til að skila ársreikningum. Sex mánuðir væru því heppilegri frestur.

F.h. stjórnar Kvasis,

Virðingarfyllst,
Smári Haraldsson, ritari